

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Skagafirði.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi – Birkimelur 4 í Varmahlíð.

Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkti á 39. fundi sínum 23. júní 2025 óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir Birkimel 4 í Varmahlíð í samræmi við 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Við gildandi deiliskipulag fyrir skólasvæði Varmahlíðar bætist byggingareitur D á lóðinni Birkimel 4 þar sem leikskólinn Birkilundur er staðsettur til að koma fyrir geymsluhúsi (38,1 m²), lágreistri byggingu sem hýsa mun leikfanga- og vagnageymslu ásamt sorpskýli. Breytingin felur í sér bættar aðstæður fyrir starfsemi leikskólans. Byggingin er staðsett við lóðarmörk og er lægst við lóðarmörkin þar sem hún tengist leikskólagirðingu, byggingin hækkar svo inn á lóðina og myndar eins konar gerði næst inngangi við leiksvæði yngstu barna. Byggingarreitir D stækkar til austurs innan núverandi lóðarmarka.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi – lóð norðan við gamla Póst og síma, Varmahlíð, hleðslulóð.

Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkti á 36. fundi sínum 12. mars 2025 óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina norðan við gamla Póst og síma, Varmahlíð, hleðslulóð, í samræmi við 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breyting er gerð á byggingarreit hleðslulóðarinnar, norðan við gamla Póst og síma, byggingarreitirinn færast norðar og vestar og minnkar úr 500 m² í 300 m². Innan byggingarreitsins verður heimilt að byggja spennistöð, þjónustuhús og salerni á einni hæð og er hámarkshæð bygginga 3 m frá gólfkóta. Byggingarnar verða felldar inn í brekkuna og skerða því ekki útsýni byggðarinnar fyrir ofan. Heimilt er að fullnýta byggingarreitinn. Einnig bætast við kvaðir á aðliggjandi lóðir til norðurs og suðurs um gegnumakstur til að tryggja aðgengi að hleðslulóðinni.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Skagafirði, 24. mars 2026.

Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 31. mars 2026